

85

Brjef stjórnarráðsins til landsímastjórans um hækkun símagjalda.

25. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra landssímastjóri, hefir stjórnarráðið ákveðið samkvæmt 8. gr. laga nr. 12, 20. október 1905, að símagjöld innanlands skuli hækkuð frá 1. júlí næstkomandi eins og hjer greinir:

Símskeytagjöld: 10 aurar fyrir orðið og minsta gjald 1 króna; fyrir blaðaskeyti hálf gjald og minsta gjald 1 króna. Fyrir póstaðvísana-símskeyti 2 krónur, án tillits til orðafjölda. Fyrir innanbæjarskeyti hálf gjald, en minst 50 aurar. Viðaukagjald fyrir skrauteyðublöð 50 aurar. Fyrir afhendingu símskeyta í talsíma 40 aurar fyrir hver 100 orð eða færri.

Talsímagjöld:

15 aura gjaldið	hækki í	25 aura;
25 — — —	-	35 — ;
35 — — —	-	50 — ;
50 — — —	-	75 — ;
75 — — —	-	100 — ;
100 — — —	-	150 — ;
125 — — —	-	175 — ;
150 — — —	-	225 — .

Enn fremur hækki gjald fyrir talsímatæki alskonar verslunarfyrtækja og þeirra, sem sjerstaklega mikið nota síma, um 40% og uppsetningar- og flutningsgjald um 100%.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

86

30. maí.

Hafnarreglugjörð

fyrir Siglufjarðarkauptún.

I. Takmörk hafnarinnar.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir þann hluta Siglufjarðar, sem liggur sunnan við línu dregna úr Selgili í Selvíkurnef.

II. Hafnargjöld og lestargjöld.

1. Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru 8 smálestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld af öllu farmrúminu, hvert skifti er þau leggjast við akkeri, bryggju eða aðrar festar á Siglufjarðarhöfn eftir að þau hafa komið frá útlöndum, eða, ef um skip er að ræða, sem að eins ganga hafna

á milli á Íslandi, þá er þau í fyrsta skifti á árinu hafna sig á Siglufjarðarhöfn **86**
þannig: 30. maí

- a. Skip, sem heimilisfang eiga á Siglufirði 5 auru af hverri smálest.
- b. Önnur skip 10 auru af hverri smálest.
- c. Ef skip þessi flytja vörur eða farþega af landi eða á, skulu þau enn fremur greiða 5 auru af hverri smálest, hvort sem þau eiga heimilisfang á Siglufirði eða annarsstaðar. Sama gjald skulu þau skip greiða, er afhenda farm sinn eða taka farm úr öðrum skipum á höfninni.

Liggi skip lengur á höfninni en 14 daga samfleytt greiðast að nýju 10 aurar fyrir hverja smálest.

2. Skip, sem sigla eftir ákveðinni ferðaáætlun, svo og öll íslensk fiskiskip greiða gjöld þessi að eins í fyrsta skifti, er þau koma á árinu. Útlend fiskiskip greiða í fyrsta skifti, er þau koma, full hafnargjöld, en síðan 5 auru af hverri smálest í hvert skifti, er þau koma inn frá veiðum, enda þótt þau hafi hvergi komið til hafnar í millibili.

3. Af geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er að eða úr sjávarfangi, t. d. sildarsöltunar eða sildaþræðsluskipum o. s. frv. skal gjalda 60 auru af hverri smálest. Þó getur hafnarnefnd með sjerstökum samningi ákveðið gjald þetta að því er veiðiskip snertir.

4. Skip þau og skipsskrokkar, er liggja í vetrarlegu á höfninni skulu greiða 25 auru fyrir hverja smálest. Skip, sem heimilisfang eiga á Siglufirði, greiða að eins hálf gjaldið, en útlend skip greiða gjaldið tvöfalt.

III. Ljós gjald.

Öll skip, sem eiga að greiða hafnargjöld, samkvæmt framansögðu og hafna sig á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí að báðum dögum meðtöldum, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 1 krónu í hvert skifti er þau leita hafnar. Sje skipin 300 smálestir að stærð eða þar yfir, greiða þau 2 krónur. Skip, sem heimilisfang eiga á Siglufirði, greiða gjald þetta að eins einu sinni á ári.

IV. Um undanþágu frá hafnargjöldum.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip, skemtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.

2. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið á land borinn, ef þau flytja aftur burt farminn og ekki annað.

3. Fiskiskip, er stunda veiðar frá Siglufirði, er þau leita hafnar vegna illveðurs, enda skipi þau engu á land.

V. *Geymsluskrokkar.*

Sjerstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert skifti til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem notuð eru til geymslu, og skal binda leyfi því skilyrði, að eigandi láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, en taka það af grunni, ef það rekur á land, svo að ekki verði skemdir á höfninni. Sje þessu skilyrði ekki fullnægt innan hæfilegs tímafrests, þá getur hafnarnefndin látið gera verkið á kostnað eiganda. Hafnarnefnd eða umsjónarmaður hennar ákveður í hvert skifti, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust grunnfærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrirkomið.

Sje leyfi hafnarnefndar fengið til þess að leggja skipinu, þá er eiganda þess heimilt að láta það liggja án þess, að menn sjeu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Á öðrum tímum árs skulu vera að minsta kosti 2 menn, sem hafnarnefnd tekur gilda, í skipinu, en þeir skulu halda vörð, sjá um, að lögboðin ljósker sje kveikt og annast skipið að öðru leyti.

Ljós skal kveikja á skipinu í það mund, er vitar eru kveiktir hjer á landi, og hljóðbendingar skulu gjörðar eftir þeim reglum, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

VI. *Um vetrarlegu.*

Mannlausum skipum, sem heimilisfang eiga í Siglufirði, er heimilt að leggja í vetrarlagi á innri höfninni. Eu innri höfnin er sá hluti hafnarinnar, sem liggur innan við línu dregna úr Eyraroddanum í Ráeyri austan fjarðarins. Um leyfi ber þó í hvert skifti að sækja til hafnarnefndar, og skal þá umsjónarmaður hafnarnefndar ákveða legustað fyrir hvert skip. Hann skal enn fremur sjá um, að skipin sjeu lögð fyrir traustum grunnfærum, og ákvæðum hans skal einnig hlíta um það, hvernig festum skuli fyrirkomið og útbúnaður skipanna sje að öðru leyti.

Meðan skip liggur mannlaut í vetrarlagi, skal ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og reynist svo, þá skal lagfæra það fljótt sem auðið er.

Umsjónarmaður hafnarnefndar skal hafa í þóknun 5 krónur af hverju skipi, sem lagt er í vetrarlægi, og greiða útgerðarmenn skipanna þetta gjald.

Umsjónarmaður hafnarnefndar hefir eftirlit með öllum skipum af hálfu hafnarnefndar.

VII. *Umferð um höfnina o. fl.*

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boðum umsjónarmanns hafnarnefndar um það, hvar

pau skulu leggjast. Skip mega ekki leggja svo út frá sjer strengi nje önnur festartæki, að umferð verði til tálmunar.

86
30. maí

Mótorbátum eða flutningsbátum má ekki leggja svo, að þeir hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umsjónarmanns um, að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gjöra það á kostnað eiganda.

Ávalt skal vera hjer um bil 200 metra breið rás frá bryggjusporðum að þeim skipum, sem næst liggja; í þessari rás mega engin skip hafna sig.

VIII. Um greiðslu og innheimtu.

Gjöld þau öll, er að framan eru talin, skulu renna í hafnarsjóð Siglu fjarðar. Þau skulu greidd af hlutaðeigandi skipstjórum eða útgerðarmönnum og greiðast í hvert skifti, er skip hafnar sig á höfninni. Innheimtir hreppstjóri gjöldin og fær 4% í innheimtulaun. Hafnarnefndin getur þó falið öðrum innheimtuna, ef henni sýnist.

IX. Almenn ákvæði.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema með leyfi landeiganda.

Ekki má kasta út seglfestu, kolum, ösku eða neinu öðru, er skemdum geti valdið á höfninni, af skipum, er þar liggja.

Ekki má varpa út aftur akkerum eða öðrum áhöldum, nje heldur leyfum af skipum, er slæðast kynnu upp úr sjávarbotni á höfninni, heldur skal flytja alt slíkt á land og afhenda hreppstjóra til lögleggar meðferðar.

Hreppsnefnd ræður umsjónarmann hafnarinnar eftir tillögum hafnar nefndar og ákveður laun hans. Hafnarnefnd fær honum erindisbrjef, er hreppsnefnd samþykkir.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 kr., er renna í hafnarsjóð.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1918 og fellur þá jafnframt úr gildi hafnarreglugjörð fyrir Siglufjarðarkauptún frá 27. maí 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 30. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.